Valtýr Pétursson skrifar um 3 málverkasýningar — Jóhann Hjálmarsson skrifar leikdóm um DON



Einar Hákonarson að Kjarvalsstöðum

Myndlist

eftir VALTÝ PÉTURSSON

Á seinasta ári hélt Einar Hákonarson nokkuð stóra sýningu á verkum sínum í Byggingarþjónustu A.Í., sem sumir notuðu, meðan á deilu um Kjarvalsstaði stóð. Nú hefur Einar komið fyrir enn stærri sýningu í Vestursalnum að Kjarvalsstöðum, og eins og gefur að skilja, þá er hér á ferð einstakur dugnaður og herkjuátök, því að það eru hvorki meira né minna en 88 olíumálverk, sem listamaðurinn sýnir þarna að sinni. Einar fer geyst og heggur stórum. Vinnugleði og snör handtök virðast honum mjög eðlileg, og fátt er honum óviðkomandi í myndlist. Hann hefur lagt gjörva hönd á margt, og ég verð að játa, að ég sakna þess, að ekki er nein grafík eftir Einar á þessari sýningu, því að á því sviði hefur honum oft tekist vel upp.

Mikil átök og hreyfingar einkenna myndir Einars Hákonarsonar á þessari sýningu. Hann vinnur í samræmdum stíl og hefur skapað sér vissa hrynjandi í verkum sínum, sem einkum og sér í lagi kemur fram í teikningu, sem á stundum er ákveðin og hnitmiðuð. Þarna held ég, að kjarni myndlistar Einars liggi, og það verður að segjast eins og er, að liturinn vefst nokkuð mikið fyrir honum enn sem komið er. Þetta er að vísu misjöfn sýning, en varla er við öðru að búast í svo viðamiklu húsnæði sem Vestursalur Kjarvalsstaða er. Það er líka dálítið áberandi, hve sum þessara verka eru lík í byggingu og lit. Það orsakar svo, að sum þeirra verka, sem sýnd eru, verða að láta í minni pokann fyrir þeim fyrirferðarmeiri og ágengari. Að mínu viti eru það sum litlu verkin, eins og t.d. Veisla nr. 79, sem hafa tekist einna best hjá Einari í litameðferð. Himnaförin nr. 26 finnst mér einnig athyglisverð, og á ég þá fyrst og fremst við byggingu verksins í línu og formi, en nokkuð er þarna harður litur á ferð eins og í mörgum öðrum verkum á þessari sýningu.

Það er ýmislegt gott um þessa sýningu Einars Hákonarsonar að segja. Hann er mikill skapmaður, sem fer ört yfir, og ég vil engan dóm á það leggja, hvort hann stundar þau vinnubrögð, er honum hentar best. Það verður að koma í ljós með tíð og tíma. Hann er afkastamikill og æðrulaus og virðist stundum ekki kunna sér hóf í litagleði sinni. Þessi sýning er fersk og ágeng, og það er slegið nokkuð hrottalega í borðið á köflum. Það má vel vera, að einmitt þess konar slagkraft vanti í íslenska list, en að sjálfsögðu verður dómur um það að bíða síns tíma, þegar þetta tímabil verður brotið til mergjar. Það er eins með listina og annað, allt tekur sinn tíma, bæði að skapa og melta.

Ég held ég megi fullyrða, að þessi sýning Einars Hákonarsonar sé í betri gæðaflokki en sú er hann hélt í fyrra. Ef þetta er rétt hjá mér, þá er allt í lagi, og svo þakka ég fyrir skemmtilega og ferska sýningu, sem ljómar af mikilli vinnugleði.

Frá öndverðri öld

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ:
LITLA SVIÐIÐ:
LEIKLESTUR:
DON JUAN Í HELVÍTI.
Þáttur úr leikritinu MENN OG OFURMENNI eftir George Bernard Shaw. — Þýðandi: Árni Guðnason. — Lýsing: Kristinn Daníelsson. — Leikstjóri: Baldvin Halldórsson.

Leiklist

eftir JÓHANN HJÁLMARSSON

LEIKLESTUR er ný tilraun í Þjóðleikhúsinu. Að þessu sinni var fluttur þáttur úr leikriti Bernards Shaw Menn og ofurmenni. Þátturinn nefnist Don Juan í helvíti og lesa (eða leika) fjórir leikarar hlutverkin: Gunnar Eyjólfsson (Don Juan), Erlingur Gíslason (djöfullinn), Margrét Guðmundsdóttir (Anna), og Ævar R. Kvaran (styttan). Leikstjóri er Baldvin Halldórsson.

Leikrit Shaws er frá öndverðri öldinni og ber þess að vonum merki. Don Juan er nær einráður í þessum þætti verksins, mælska hans gífurleg og fremur þreytandi. Athugasemdir djöfulsins eru aftur á móti hinar skemmtilegustu og hlutur Önnu og föður hennar (styttunnar) er góður í verkinu. Shaw hafði gaman af ræðumennsku og deilulist eins og fram kemur í þættinum og einnig þegar önnur ritstörf hans eru höfð í huga, ekki síst blaðaskrif hans og gagnrýni.

Því er lýst í Don Juan í helvíti hvernig djöfullinn missir tangarhald á Don Juan sem orðinn er hinn mesti siðapredikari. Leikurinn mótast af hugmyndum Shaws um lífskraftinn sem voru að veltast fyrir honum um þetta leyti. Ofurmennin: Don Juan, Rembrandt, Nietzsche, Wagner, eira ekki í víti heldur stefna til himna í leiðindin. Það er pólitískur ósigur fyrir djöfulinn að missa Don Juan. En menn fá sjálfir að ráða hvar þeir vilja vera. Í staðinn fyrir Don Juan fær djöfullinn hermanninn (myndastyttuna) og þeir leiðast að lokum inn í glauminn og gleðina í víti, langt frá öllum Englendingum (þeir eru auðvitað í himnaríki), en Anna setur fram kenningu sína um það ofurmenni sem enn er ekki fætt, framtíðardraumsýn Shaws.

Don Juan í helvíti er ágætt tækifæri til að kynnast leikritun frá öndverðri öld, einkum eins og hún birtist hjá enskum lærisveini Ibsens. Þýðing Árna Guðnasonar er frábær. Oft er maður minntur á það þegar leikararnir fara á kostum í texta sínum hve íslenskt leikhúsmál er bágborið samanborið við málfar Árna Guðnasonar. Það mæðir mest á Gunnari Eyjólfssyni í hlutverki Don Juans, en hann les og flytur í senn texta sinn ágætlega. Erlingur Gíslason var kjörinn djöfull og lék á köflum hressilega, hann eins og gleymdi því að um leiklestur væri að ræða, fór að búa til hlutverk handa sviði. Margrét Guðmundsdóttir var hin geðfelldasta Anna og Ævar R. Kvaran í hlutverki styttunnar flutti sitt mál af þrótti og innlifun. Að vel tókst má efalaust einnig þakka leikstjóranum Baldvini Halldórssyni.

Leiklestur eins og þessi á að ég held framtíð fyrir sér. Ætlunin mun vera að stefna að fjölbreytni í efnisvali. Hver veit nema vanrækt innlend leikritagerð fái í slíkum flutningi vettvang við hæfi?



Að skilja landið sitt

Bókmenntir

Jenna Jensdóttir skrifar um barna- og unglingabækur

Haukur Ágústsson:
Yfir kaldan kjöl
Prentsmiðjan Leiftur h.f.
Reykjavík 1975

Á síðast liðnu ári kom út bókin Yfir kaldan kjöl eftir Hauk Ágústsson. Nafn bókarinnar segir nokkuð frá umhverfi sögunnar. Aðalpersónur eru drengirnir þrír, Bjarni, Óli og Geiri — allir reykvíkingar um fermingaraldur. Þegar skólinn er búinn, blasir við þeim atvinnuleysi, tómlegt sumar. En þeir vilja gera eitthvað í sumarfríi sínu, helst eitthvað spennandi. Á skólatröppunum verður hugmynd þeirra til. Þeir ákveða að fara á hjólum yfir Kjöl. Enginn aðdragandi er að þessari ákvörðun þeirra. Höfundur lætur þá taka hana umhugsunarlítið. En þar með hefst lifandi og eðlileg atburðarás sögunnar, sem er stórtíðindalítil en trúverðug og spennandi í látleysi sínu. Lesandi hefur það strax á tilfinningunni að höfundur sé þaulkunnugur öllu sviði sögunnar. Náttúrulýsingar eru honum hugtækar, hann fer þar varfærnum höndum um efnið, er hann lýsir stórbrotinni náttúru öræfanna — og kyrrðinni:

„Sólin var gengin til viðar, en milt húm sumarnæturinnar klæddi landið í dökkan hjúp, sem eins og lagði áherslu á friðinn og fegurð næturinnar. Innri-Skúti gnæfði dimmur í vestrinu. Það var skuggi í honum undan bjarma norðvesturloftsins og fjallið var allt að því ógnvekjandi. Bjartara var yfir kennileitunum til austurs. Síðustu geislar kvöldsólarinnar voru enn á flögri um himinhvolfið og féllu á landið í þá átt."

Svipmynd eins og þessi hlýtur að snerta strengi í brjósti hvers þess, er einhver kynni hefur af tign íslenzkra öræfa. Fleiri svipaðar lýsingar finnast í bókinni.

Örnefni og kennileiti eru talin fram af mikilli þekkingu höfundar á umhverfinu. Höfuðpersónur sögunnar þykja mér, að lestri loknum, duglegir drengir hver á sína vísu, og allir reynslunni ríkari eftir þessa skemmtilegu ferð. Ýmsar aukapersónur tekst höfundi að leiða fram lifandi og eftirminnilegar. Má þar fyrst nefna Rikku gömlu, sem á sér vissulega stoð í veruleikanum. Íslendingar hafa átt svona konur og eiga sennilega ennþá.

Sannsöguleg mynd af Rikku vekur þá spurningu, hvort ekki væri þarfara hjá jafnréttisfólki að draga þessar alþýðukonur löngu liðinna og nýliðinna tíma fram í dagsljósið, heldur en að eyða margra mánaða vinnu í það að telja hvort fleiri karla eða kvenna sé getið í auglýsingum dagblaða undanfarin tvö ár. Þetta er þó sjálft mannlífið í öllum sínum krafti.

Freku konunni í sæluhúsinu á Hveravöllum er vel lýst, sérstaklega í samskiptum hennar við undirokaðan mann hennar. Svona konur eru líka til. Mér þykir Ögmundur furðu fáfróður um farartæki sitt í slíku langferðalagi. Höfundur leiðir okkur í kaldan veruleikann um það að þegar áður fáfarnir vegir öræfanna eru nú fjölfarnir að sumri til, getum við átt von á nöfnum eins og Tonis Cosy Cafe á kofum þar.

Haukur Ágústsson er ekki óþekktur fyrir önnur ritsmíð og tónsmíð, en fer þarna inn á nýjar brautir og gefur strax miklar vonir sem athyglisverður höfundur.

Of margar prentvillur eru í svo ágætri bók. Bókband er betra en pappírinn. Káputeikning þykir mér ekki góð.